

Bstj. 18. október 2011

#### **4. mál Umræða um nýja húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar til 2020 og aðgerðir samhliða henni**

**Björk Vilhelmsdóttir:** Forseti og ágætir borgarfulltrúar. Við ræddum hér húsnæðisstefnu eða drög að húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar í borgarstjórn fyrir held ég 6 vikum síðan og almennt var fólk sátt við þau drög sem þá lágu fyrir. Þau voru síðan aðeins unnin áfram og 6. október sl. þá samþykkti borgarráð einróma húsnæðisstefnu fyrir Reykjavíkurborg og því er hún ekki hér til afgreiðslu eða samþykktar. Og ég fagna sérstaklega þessari pólitísku samstöðu um húsnæðisstefnuna og tel að það sé afar mikilvægt að við stígum samhliða til jarðar í svona stærri stefnumótun.

En húsnæðisstefnan er til þess að við höfum það leiðarljós sem sagt í starfi okkar að allir borgarþátttakendur geti haft húsnæði á viðráðanlegum kjörum, að unnið verði að því að fjölga leigu- og búseturéttaríbúðum og að Reykjavíkurborg stuðli að húsnæðisframboði í samræmi við þarfir hverju sinni. Og á næstu árum þurfi að auka framboð af smærri íbúðum burt séð frá eignaformi og við tölum um það í stefnunni að við þurfum að auka möguleika ungs fólks og þeirra sem vilja og/eða geta ekki lagt mikið fé í eigið húsnæði. Við viljum kortleggja möguleikana á því að Reykjavíkurborg komi að uppbyggingu langtíma leigumarkaðar, að stuðningur Reykjavíkurborgar eigi að vera bundinn persónulegum aðstæðum hvers og eins, en ekki íbúðarhúsnæðinu sem slíku. Við viljum endurskoða reglur um sérstakar húsaleigubætur. Við viljum að teknar verði upp húsnæðisbætur þar sem að ríkið greiðir hinn almenna húsnæðisstuðning og sveitarfélögin einungis þann sértæka og að höfuðborgarsvæðið sé eitt búsetusvæði. Um þetta snýst þessi húsnæðisstefna, en mestu máli skiptir hvernig unnið verður síðan áfram með þessa stefnu þannig að hún verði að veruleika. Það er ekki til nokkurs að vinna svona fallett plagg ef að ekkert gerist. Og þess vegna voru lagðar fram í borgarráði 6. október sl. nokkrar tillögur sem að einnig voru samþykktar, sem eru fyrstu skrefin í átt að því að ná fram þessum markmiðum.

Þetta er hinsvegar, það að breyta húsnæðismarkaði þannig að nái til ungs fólks og þeirra sem ekki geta eða vilja leggja eigið fé í húsnæði er stórt mál sem tekur

Bstj. 18. október 2011

langan tíma og við þurfum að taka mörg skref í mörg ár áður en mikil breyting á sér stað, því að þetta tekur tíma þó svo að skrefin séu sum hver stór.

Ég ætla að fara bara stuttlega yfir þessar tillögur, því að ástæðan fyrir þessari umræðu hér er kannski bara til þess að vekja athygli á þessu af því að borgarráð samþykkti þetta einróma og ég kannski hvet borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins til þess að kynna þá bókun sem að þeir lögðu fram við stefnuna sem ég skil mjög vel, þar sem að þeir höfðu fyrirvara um ákveðnar hugmyndir um að borgin komi inn á samkeppnismarkaðinn og sá fyrirvari hefur alltaf verið ljós og bara mjög skiljanlegur. Hins vegar var hérna stefnan samþykkt, en með þessum fyrirvara.

Ástæðan fyrir því að það þarf ekki að samþykkja þessa stefnu hér er kannski bara að borgarstjórn viti öll af þessum tillögum og hvaða skref við erum að taka, þannig að við getum öll líka hugsað um næstu skref. En borgarráð samþykkti að fela fjármálaskrifstofu að gera úttekt á því að kanna kosti og galla þess að Reykjavíkurborg verði kjölfestuaðili í fasteignafélögum um stofnframkvæmdir við leiguhúsnaði og/eða að verða kjölfestuaðili að leigufélögum um rekstur leiguhúsnaðis. Það var ákveðið að skoða hvaða áhrif mismunandi aðkomu Reykjavíkurborgar myndi hafa á félög á samkeppnismarkaði. Markmiðið er að styðja uppbyggingu á varanlegum og öruggum leigumarkaði á höfuðborgarsvæðinu og auka fjölbreytileika á framboði á leiguhúsnaði. Framlag borgarinnar gæti falist í lóðum, fasteignum eða beinum framlögum. Sérstaklega yrði kannað hvort að leigufélagið yrði eftir atvikum rekið innan Félagsbústaða sem sérstök deild eða stofnað sjálfstætt félag með öðrum aðilum. Þá var einnig samþykkt að Reykjavíkurborg auglýsti eftir samstarfsaðilum sem vilja byggja upp langtíma leigumarkað á tilgreindum svæðum miðsvæðis í Reykjavík. Og með þessari tillögu fylgdi greinargerð.

Nú semsagt er fjármálaskrifstofan að skoða möguleika á þessum úttektum og mun síðan kynna borgarráði þegar þar að kemur. En þetta var töluvert rætt í húsnaðishópnum sem vann að stefnumótuninni og það eru margir að skoða húsnaðismarkaðinn eins og við þekkjum, það eru bankar, það eru lífeyrissjóðir, það eru stéttarfélög, það eru bara fjárfestar og það er mjög mikilvægt að við sem svona stór aðili sem að höfum skiplagsvaldið, höfum líka lóðir á tilteknum

Bstj. 18. október 2011

svæðum, að við skoðum alla þá möguleika sem að okkur koma í þessu samhengi, hvort sem við hinsvegar getum haft síðan afstöðu til þess hversu mikið og hvernig við leggjum fram eignir, fé eða lóðir til svona starfsemi. En svona úttekt þarf að gera til þess að við séum jafnfætis öllum hinum sem eru að skoða þennan markað, sem sagt úti á markaðnum.

Nú, það var ákveðið að fela innri endurskoðun að gera úttekt á rekstri, rekstrarfyrirkomulagi og hlutverki Félagsbústaða og skila því til borgarráðs. Og þetta var bara ein af þeim tillögum sem að var lögð fram í greinargerð með húsnæðisstefnunni, að þetta yrði skoðað ekki síst í ljósi þess að það er vilji til þess að skoða hvort að Félagsbústaðir taki yfir annað félagslegt leiguhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu eða hafi sérstaka deild fyrir almennt leiguhúsnæði. En til þess að svo geti orðið og til þess að hægt sé að skoða svona hluti þarf að sjálfsgöðu að gera úttekt á rekstri og rekstrarfyrirkomulagi og hlutverki Félagsbústaða eins og það er í dag. Því að það er ekki hægt að fela einhverjum annað og aukið hlutverk nema við skoðum á krítískan hátt hvernig til hefur tekist til þessa. Og nú semsagt mun innri endurskoðun vinna að þessu samkvæmt samþykkt borgarráðs.

Þá var lögð fram tillaga í borgarráði um að við gerð aðalskipulags, hverfis- og deiliskipulags verði tryggt að minnsta kosti 20% íbúða verði minni leiguíbúðir og búseturéttaríbúðir sem höfða til ungs fólks og þeirra sem ekki geta eða vilja leggja mikið fé í húsnæði. Til að ná fram markmiðum húsnæðisstefnunnar og hlutfallinu þarf fjórðungur íbúðarhúsnæðis í nýjum hverfum miðsvæðis í Vatnsmýri, við Mýrargötu, við Hlemm og Ártúnshöfða að vera leigu- og búseturéttaríbúðir. Þessari tillögu var vísað til umsagnar skipulagsráðs og er þar núna í vinnslu og ég er mjög ánægð með það, því að þó svo að við höfum haft í starfshópnum bæði formann skipulagsráðs og verkefnisstjóra á skipulags- og byggingarsviði að þá þarf kannski allt ráðið, sem hefur verið að vinna að aðalskipulagi á undanförunum árum eða vinna núna að hverfisskipulögum og vinnur náttúrulega að deiliskipulagi sí og æ inni í ráðinu, að ræða þetta. Þannig að það er mjög mikilvægt að þetta fái svona víðtæka umræðu þar.

Bstj. 18. október 2011

Nú, kannski stærsta málið svona konkret sem borgarráð samþykkti er það sem varðar uppbyggingu námsmannaíbúða og það sem að kannski fer vonandi strax af stað og skiptir mjög miklu máli. Það er nú þegar byrjað að undirbúa byggingu 280 námsmannaíbúða á svæði, sem ég man ekki núna hvað heitir, við vísindagarða [frammícall], já, ég heyrði ekki götuna, man ekki hvað hún heitir í augnablikinu. En borgarráð semsagt samþykkti síðan að Félagsstofnun stúdenta yrði veitt vilyrði um lóð að Brautarholti 7 þar sem að gera má ráð fyrir 100 íbúðum með fyrirvara um niðurstöðu deiliskipulags. Þetta semsagt samþykkti borgarráð og þetta er til þess að Félagsstofnun stúdenta geti unnið að því markmiði sem að þeir hafa, að útvega allt að 15% stúdentum húsnæði – íbúðahúsnæði til leigu, en í dag eru þeir langt frá því marki og þurfa að bæta við sig yfir 2200 leiguíbúðum til þess að ná þessu marki sínu.

Þannig að þessar íbúðir og þær 280 sem núna er verið að byggja, þær eru bara lítið brot af því sem gera þarf og þess vegna samþykkti borgarráð að fela skipulagsráði að kanna möguleika á fjölgun stúdentaíbúða í tengslum við námsmannaíbúðir á Lindargötureit ásamt uppbyggingarmöguleikum í samstarfi við Háskóla Íslands, Félagsstofnun stúdenta og námsmannaíbúðir á svæði háskólans, meðal annars við Suðurgötu, sem voru nefndar hérna varðandi yfirlýsinguna áðan varðandi 100 ára afmæli háskólans. Og þá var einnig minnst á það að Háskólinn í Reykjavík býr yfir stóru svæði austanmegin í Vatnsmýrinni þar sem hluti er ætlaður námsmannaíbúðum og það þarf að huga að skipulagi þess og útfærslu í samvinnu við námsmannahreyfinguna og háskólana.

Þetta eru þau skref sem stigin voru núna í upphafi þess að gera þessa stefnu að veruleika. Þó að sum þeirra séu stór þá eru önnur langtímaverkefni sem verða unnin á næstu árum, en ég held að við eigum reglulega, og það væri gott ef við reglulega tækjum upp stefnuna og spyrðum okkur: Er eitthvað nýtt sem við getum gert núna, hvert er næsta skref sem við þurfum að taka? Við þurfum ekki alltaf að bíða eftir því að eitthvað sé búið. Reglulega eigum við að taka upp þær stefnur sem að við samþykkjum í borgarstjórn eða í borgarráði til þess að vinna okkur áfram, því að þetta verkefni er svo stórt að við þurfum að vinna okkur áfram í mörg ár, þar til að við getum raunverulega séð þann húsnæðismarkað sem okkur

Bstj. 18. október 2011

langar öllum að sjá hér sem nær að mæta þörfum unga fólksins, sem við viljum að geti búið hér í borginni.

Og mæta þörfum, bæði þeirra sem að geta ekki lagt mikið fé í húsnæði og líka mæta þörfum þeirra sem að vilja hafa mikið fé í húsnæði og kaupa sér. Þannig að við þurfum þennan blandaða markað sem að hefur marga valkosti fyrir allskonar þarfir og allskonar borgarbúa og það er það sem ég vona að verði að veruleika og við stöndum áfram saman að því. Takk.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir lokið máli sínu. Og næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson.

#### **4. mál Umræða um nýja húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar til 2020 og aðgerðir samhliða henni**

**Júlíus Vífill Ingvarsson:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Enn og aftur vil ég þakka fyrir þá umræðu sem að hér hefur farið fram í sölum borgarstjórnar um stefnumótun vinnuhóps um húsnæðisstefnu því að það var lagt fyrir borgarstjórn fyrir nokkru síðan, þar sem við áttum tækifæri til þess að fara yfir það og ég verð að segja að sú vinnuaðferð var til mikillar fyrirmyndar og starf þessa vinnuhóps hefur verið alveg sérstaklega farsælt og um það hefur ríkt góð eining.

Nú fær skipulagsráð að minnsta kosti tvær af þeim tillögum, sem að hér hafa verið til umfjöllunar í borgarráði á síðasta fundi ráðsins, til umfjöllunar og munu vinna það áfram og þá aftur er mikilvægt að um þetta mál hefur ríkt góð sátt og ég held það beri þá að þakka þeim sem í þeim vinnuhópi sátu, sem unnu að stefnumótuninni og auðvitað formanninum fyrir það að vinna þetta mál með þessum hætti. Ég ætla þó aðeins að leyfa mér að fara yfir málefni sem við höfum gert athugasemdir við og þá var nú ágætt að borgarfulltrúinn Björk Vilhelmsdóttir kom inn á um þann fyrirvara sem við höfðum varðandi þátttöku Reykjavíkurborgar inn á húsnæðismarkað, þar sem við bókuðum með þeim hætti að við vorum með fyrirvara um hugmyndir um að Reykjavíkurborg mundi hasla sér völl á leigumarkaði í samkeppni við einkaaðila, og þá sérstaklega varað við því að Reykjavíkurborg yrði kjölfestufjórðing í slíkum fyrirtækjum, en það er ein af þeim leiðum sem að nefndar eru í þessum tillögum stefnumótunarþætti vinnuhóps um húsnæðisstefnu.

Það er kannski ástæða aðeins til þess að staldra við þann anda sem er í textanum sem vinnuhópurinn hefur skilað frá sér. Vegna þess að vinnuhópurinn hefur auðvitað svona fyllst krafti ásmegin að tala fyrir hönd húsnæðisleigumarkaðarins, en virðist svona einhvern veginn horfa framhjá því að það geta verið miklir kostir fólgir í því að eiga húsnæði. Hér stendur til dæmis á blaðsíðu 6, að húsnæðiskaupum fylgir mikil fjárhagsleg binding, með leyfi forseta, fyrirgefðu, sem leigutakar eru lausir við. Sá sem leigir þarf ekki að vera bundinn áttahagafjötrum, ansi stór orð sem hér eru notuð, og getur þannig kosið að flytja sig á milli vinnusvæða hvort heldur héraendis eða erlendis. Ég vil nú kannski benda

Bstj. 18. október 2011

vinnuhópnum á það þó að seint sé að þetta er nú kannski svolítill óþarfi. 96% Íslendinga á miðjum aldri og eldri búa í eigin húsnæði. Búsetukönnun sem gerð var, að vísu fyrir nokkrum árum, ég held að hún sé reyndar frá 2007, sýnir það að mjög mikill meirihluti Íslendinga kys að búa í eigin húsnæði. Því fylgja nefnilega miklir kostir og ég tók nú bara hér á meðan að ég var að hlusta á ræðu formannsins fram texta sem að stendur á heimasíðu Íbúðalánasjóðs og reyndar er samhljóða textanum sem er í lögum um Íbúðalánasjóð, en hér stendur, með leyfi forseta: „Tilgangur sjóðsins er að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast og leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.“

Þarna er nú ansi langt bil á milli, langt til að jafna hér að lesa þennan texta sem að kemur frá vinnuhópnum og svo þeim texta sem að stendur hér um Íbúðalánasjóð, enda held ég nú reyndar að þeir sem í vinnuhópnum störfuðu mundu nú kannski ekki skrifa þetta ef að bent væri á það að þetta væri nú kannski nokkuð djúpt í árina tekið. Vegna þess að auðvitað hefur ungt fólk litið á húsnæðis kaup sem ekki bara hluta af því að koma þaki yfir höfuð heldur líka ákveðna fjárfestingu, fjárbindingu sem að tilheyrir ákveðnu tímabili æviskeiðsins og alveg full ástæða til þess að taka undir það að því geta fylgt miklir kostir og því fylgir auðvitað eins og stendur í texta Íbúðalánasjóðs – öryggi og jafnrétti. Þannig að ég vil bara svona benda á þetta auðvitað bara í fullri vinsemd og ég reikna með að menn í þessum vinnuhópi séu nú meira og minna sammála mér í þessu. En það er svona annað sem ég hnýt um í sambandi við þennan texta á þessari sömu síðu og það er það, að það eru eiginlega bara til lánastofnanir hér sem að hafa verið að lækka lánshlutfall sem hafa valdið því að ungt fólk hefur átt semsagt í erfiðleikum með það að afla sér eiginfjárframlags á móti náttúrulega þá þeim 80% sem að Íbúðalánasjóður upp að 20 milljónum veitir vegna íbúðakaupa til 30 eða 40 ára eftir atvikum. Þannig að ég vil nú kannski segja það að það vantar náttúrulega inn í þessar setningar hér og þessi greinarskil hér ansi mikið um bara þá stöðu sem ungt fólk er í og þá er það nú náttúrulega hluti af efnahagslífinu og það er auðvitað hluti af bara greiðslugetunni og kaupgetu ráðstöfunartekna bæði fjölskyldna og einstaklinga. Og það voru nú að berast nýlega fréttir af því að kaupgeta ráðstöfunartekna

Bstj. 18. október 2011

fjölskyldna hefur dregist saman á milli ára um 8,2% og trúlega hefur kaupgeta ráðstöfunartekna einstaklinga dregist saman um 30% í tíð þessarar ríkisstjórnar. Og ríkisstjórnin hefur svo sannarlega ekki hjálpað ungu fólki með hækkun skatta eiginlega hvar sem niður er dregið fæti og ég hef farið yfir það hér í ræðustóli í borgarstjórn hvaða áhrif það hefur og hvernig sjá má að það er ekki til sá skattstofn sem ríkisstjórnin hefur ekki hækkað og hefur leitað að auknum og nýjum skattstofnum hvar sem hún hefur getað.

Mér finnst þess vegna kannski, af því að ég veit að þetta er ekki eitthvað sem á að heyra til flokkspólítíkur, að hliðra til og opna fyrir möguleika ungs fólks á að komast í húsnæði og þá að komast inn á leigumarkaðinn eins og hér er lagt til. En engu að síður þá verð ég nú að segja það að þetta ber nú þess keim að hér sé verið svona að skauta framhjá og hlífa ríkisstjórninni við þeirri augljósu staðreynd að ungt fólk hefur ekki kaupgetu, hefur ekki greiðslugetu þegar að kemur að kaupum húsnæðis. Og því miður, eins og ég hef bent á áður, virðist nú ýmislegt benda til þess að ungt fólk eigi ekki heldur peninga til þess að greiða fyrir húsaleigu, svo alvarlegt sem það mál er nú orðið, eins og margir þekkja og rætt var hér í borgarstjórn, að menn þekkja af persónulegri reynslu, það kom fram hér á síðasta fundi borgarstjórnar þegar að þetta mál var þar til umræðu. Þetta vil ég nú svona benda á aftur í fullri vinsemd, en þó engu að síður að þá hefði vinnuhópurinn átt að taka á þessu, en vera ekki svona í einhverjum flokkspólítískum feluleik með þær staðreyndir sem blasa við ungu fólki hér í þessari borg og auðvitað um land allt.

Ég vil aðeins fletta upp á blaðsíðu 9 sem er tillaga 3 sem tilheyrir þessum tillögum vinnuhópsins og þá komum við að því sem að ég nefndi hérna rétt áðan, sem er þátttaka Reykjavíkurborgar í verkefnum eins og fasteignaverkefnum með öðrum félögum eða lífeyrissjóðum með þeim hætti sem hér er stungið upp á, sem gæti falist í bæði framlagi borgarinnar með lóðum, fasteignum eða beinum fjárframlögum. Og þetta er auðvitað ástæða til að staldra við. Það er ekki að ástæðulausu og þá kannski dettur manni fyrst í hug sko jafnræðisreglan. Ef Reykjavíkurborg ætlar að leggja fram fjárframlag til stofnunar félags sem á að starfa á fasteignamarkaði og leigumarkaði í samkeppni við önnur félög, hvernig

Bstj. 18. október 2011

Reykjavíkurborg ætlar þá að úthluta sjálfri sér sem hluthafa í því félagi lóðum á kostnaðarverði án þess að greiða fyrir byggingarrétt og borga bara gatnagerðargjöld. Þannig að ég eiginlega bara sé ekki hvernig það geti gerst öðruvísi en að við það verði gerðar athugasemdir, öðruvísi en að önnur félög inni á þessum markaði muni jafnvel kæra slíkar aðgerðir og slíka stjórnsýslu.

Þannig að ég held að nú þegar að verið er að vinna úr þessu frekar, sem ég veit að verið er að gera og ég mun koma að því líka og auðvitað starfa að því að reyna að finna góða lausn á þessu af heilum hug, að þá vil ég vara við því að fara þá leið að minnsta kosti skoða hana mjög vandlega, þannig að menn lendi ekki í öngstræti hvað þetta varðar. Þá vil ég líka svona, kannski hnýtur maður um það sem Landsamband lífeyrissjóða virðist hafa haldið fram varðandi ákjósanleg svæði fyrir leiguhúsnæði þar stendur hér á blaðsíðu 9, með leyfi forseta: „Lítur Landssamband lífeyrissjóða helst til lóðaúthlutunar Reykjavíkurborgar á þéttingarsvæðum nærri miðborg sem þeir telja lykil að slíku leigufélagi.“

Mér finnst það svo sem ekkert skrítið, það eru auðvitað dýrustu lóðirnar og það er eðlilegt að þeir sem eru að vinna hjá Landsambandi lífeyrissjóða vilji helst fá dýrustu lóðir borgarinnar inn í slíkt félag, án þess að greiða fyrir það eðlilegt verð sem allir aðrir yrðu að greiða náttúrulega. Auðvitað eru það dýrustu lóðir sem völ er á og væntanlega verða til dæmis þær lóðir sem skipulagðar verða í Vatnsmýrinni dýrustu lóðir höfuðborgarsvæðisins og því umhugsunarefni hvort það sé rétt að Landsamband lífeyrissjóða eða slíkt félag sem yrði stofnað í samvinnu við Landsamband lífeyrissjóða ætti beinan aðgang umfram aðra að slíkum lóðum. Og ég dreg persónulega mjög í efa að leigjendur geti ekki hugsað sér að búa annars staðar en í næsta nágrenni við miðborgina umfram aðra borgarbúa. Vegna þess að enda þótt það sé kannski rétt að ýmsir horfi til miðborgarinnar sem ákjósanlegs staðar til þess að búa á, þá er engu að síður svo að þær kannanir sem að við höfum, of fáar því miður, en engu að síður, benda til þess að margir vilja búa í úthverfum, margir kjósa það að búa frekar til dæmis í Breiðholti eða Grafarvogi heldur en í miðborginni. Og það er engin ástæða til þess að þeir sem eru að leita að íbúðum á leigumarkaði hugsu eitthvað öðruvísi en aðrir borgarbúar hvað þetta varðar.

Bstj. 18. október 2011

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er Elín Sigurðardóttir.

#### **4. mál Umræða um nýja húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar til 2020 og aðgerðir samhliða henni**

**Elín Sigurðardóttir:** Forseti, borgarfulltrúar og borgarbúar. Borgarstjóri skipaði þennan starfshóp um húsnæðisstefnu í október 2010 og það er búið að samþykkja stefnuna. Mér þykir það nú bara nokkuð góður árangur miðað við margt annað sem maður fylgist með velkjast í kerfinu, þannig að það er kannski eitthvað sem hægt er að fagna ... í sjálfu sér. Stefnan var rædd í borgarstjórn þann 6. september sl. og þar kom fram að almenn sátt var um stefnuna þó svo að borgarfulltrúar gætu haft mismunandi skoðanir á þeim útfærslum í einstökum atriðum. Sú sátt endurspegladist að mínu mati meðal annars í jákvæðum umsögnum um stefnuna frá helstu hagsmunaaðilum. Síðan núna 6. október voru tillögur starfshópsins samþykktar í borgarráði og ég tel það hafa tekist bara á ansi góðum tíma miðað við hvað verkefni starfshópsins voru fjölbreytt og viðamikil samkvæmt erindisbréfinu og ég bara fagna því að þessi stefna hafi verið samþykkt. En eins og ég benti á í ræðu minni þann 6. september sl. þá tel ég mjög mikilvægt að stefnan verði lifandi plagg sem mótað verði áfram og unnið eftir en ekki enn ein rykfallin skýrsla í skúffum í Ráðhúsinu. Mér þykja þær tillögur sem samþykktar voru í borgarráði 6. október sl. gefa vísbendingar um að sú ósk mín gæti orðið að veruleika. Það sakar allavega ekki að vera hjartsýnn í þessu máli.

Það voru samþykktar mikilvægar tillögur meðal annars um uppbyggingu námsmannaíbúða í Brautarholti og á Lindargötureit og á svæði Háskóla Íslands vestan Suðurgötu. Húsnæðismál stúdenta eru í miklum ólestri, meðal annars eftir gjaldþrot Byggingarfélags námsmanna, og því ber að fagna samstarfi borgarinnar við Félagsstofnun stúdenta um fjölgun námsmannaíbúða miðsvæðis í Reykjavík, því samkvæmt þarfagreiningu Félagsstofnunar stúdenta vilja stúdentar búa miðsvæðis í Reykjavík og ekki eiga bíl.

Ég fagna tillögu á úttekt á hlutverki Reykjavíkurborgar varðandi leigufélög en það er eitt brýnasta velferðarmál fyrir lágtekjuhópa í þessu samfélagi og fyrir þá sem kjósa að fjárfesta ekki í steinsteypu að koma að öflugum leigumarkaði í Reykjavík og ef Reykjavíkurborg getur tekið þátt í slíku þá tel ég það af hinu góða. Það ber einna helst að líta til íbúasamvinnufélaga þar sem íbúar verða rétt hafar í

Bstj. 18. október 2011

félögunum. Þannig er hægt að tryggja að arður af rekstrinum verði íbúum sjálfum til góða í formi viðhalds, nýbygginga og góðra leigukjara. Ekki má falla í þá gryfju að nota opinbert fjármagn til þess að ausa undir arðgreiðslu til einkaaðila svo sem verktaka, eins og dæmi sýna að þá hefur slíkt verið misnotað, til dæmis þegar verktakar fengu sérstök lánakjör til uppbyggingar á leigumarkaði og seldu síðan eignirnar á almennum markaði og hirtu gróðann. Fyrir þannig svik verður að girða, þannig að slíkt klúður endurtaki sig ekki.

Það er að mínu mati mjög mikilvægt að setja hlutfall leiguhúsnaðis inn í gerð aðalskipulags til að stuðla að fjölbreytni, því ég held að enginn í starfshópnum sé að tala eitthvað sérstaklega gegn sjálfseignarstefnunni heldur telji 20-25% vera bara eðlilegt hlutfall og það er nú svona frekar lágt ef við lítum til borga sem við berum okkur saman við á Norðurlöndunum og í Evrópu. Og þó að þessari tillögu hafi verið vísað til umsagnar skipulagsráðs, þá hef ég fulla trú á því að skipulagsráð muni taka vel í þessa hugmynd, ég held að þetta falli bara vel inn í það sem ég hef kynnt mér af nýju aðalskipulagi, þó að ég sé nú ekki mjög vel inni í því, þá tel ég það ríma mjög vel við það sem ég hef lesið. Og ef Reykjavíkurborg ætlar að axla ábyrgð á uppbyggingu leigumarkaðar, að þá er aðalskipulag eitt mikilvægasta verkfæri í þeirri vinnu.

Ég er sérstaklega ánægð með tillögu um úttekt á málefnum Félagsbústaða enda vann ég ötullega að því í starfshópnum að slík úttekt yrði gerð. Ég vil þó brýna mikilvægi þess að skipaður verði starfshópur til þess að móta formlega eigendastefnu Félagsbústaða, þar sem meðal annars þarf að taka á rekstrarformi félagsins. Það er mjög mikilvægt að Reykjavíkurborg vinni slíka stefnu sjálf áður en til hugsanlegrar samvinnu kemur á höfuðborgarsvæðinu um rekstur á félagslegu húsnaði. Ég tel þó mikilvægt að Félagsbústaðir reki áfram húsnaði fyrir þá sem ekki geta leigt á almennum leigumarkaði og ég tel mjög brýnt að félagslegt leiguhúsnaði, þar með talið Félagsbústaðir, séu áfram í eigu opinberra aðila og tel ekki mjög vænlega þróun að einkavæða slíka starfsemi. Auk þess er mikilvægt að borgin endurskoði með hvaða hætti er kosið í stjórn Félagsbústaða óháð því hvað úttekt innri endurskoðunar leiðir í ljós.

Bstj. 18. október 2011

En það er hægt að spyrja sig að því hver séu næstu skrefin. Mér fannst bara flott að menn fóru bara í að gera hlutina og samþykkja þessar tillögur sem fyrstu skref um leið og stefnan var samþykkt, tel ég það af hinu góða. En mér finnst mjög mikilvægt að borgin haldi áfram á þeirri braut að veita húsnæðissamvinnufélögum og félagasamtökum sem hyggjast bjóða upp á leigu- og búseturétt á viðráðanlegum kjörum forgang við úthlutun lóða hjá Reykjavíkurborg af því að það eru kannski þeir sem þurfa mest á því að halda sem síst hafa efni á því að búa miðsvæðis í Reykjavík. Þá ber einna helst að líta til lágtekjufólks sem til dæmis vinnur á stórum vinnustöðum á svæðinu og fæst hefur efni á því að reka bíl – miðað við þá sem vinna á Landspítalanum til dæmis.

Tillögurnar um lóðir til Félagsstofnunar stúdenta og námsmannaíbúðir þar er góð byrjun, en við verðum að halda áfram á sömu braut til þess að vel lukkist í því. Reykjavíkurborg þarf síðan að fara í þá vinnu sem talað er um í skýrslunni, að endurskoða og samræma eins og kostur er reglur um sérstakar húsaleigubætur í samvinnu við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Slík vinna myndi að mínu mati ýta undir þá framtíðarsýn að líta á höfuðborgarsvæðið sem eitt búsetusvæði og samræmdar reglur um sérstakar húsaleigubætur gætu leitt til þess að auka félagslega fjölbreytni í nágrennasveitarfélögum, það hljótum við að telja gott að hér sé félagslegur fjölbreytileiki ekki bara á milli hverfa innan borgarinnar en einnig í öllum sveitarfélögum. Það hafa komið upp hugmyndir um að skipa að nýju starfshóp eða einhvers konar nefnd sem hefði það hlutverk að fylgja húsnæðisstefnunni eftir og fylgjast með þeim tillögum og aðgerðum sem koma í kjölfarið af þeim. Og ég ætla að nota tækifærið á meðan ég stend hér í ræðupúlti og lýsa yfir stuðningi mínum við slíkar hugmyndir því þannig mætti tryggja þá sýn mína að húsnæðisstefnan verði lifandi plagg, sem hefur það að markmiði að auka húsnæðisöryggi allra borgarbúa og bæta og efla þannig lífsgæði þeirra.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Elín Sigurðardóttir lokið máli sínu. Og næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Geir Sveinsson.

#### **4. mál Umræða um nýja húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar til 2020 og aðgerðir samhliða henni**

**Geir Sveinsson:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Takk fyrir þessar umræður og þakka Júlíusi Vífli félagamínnum Ingvarssyni kærlega fyrir vinsamleg ummæli. Ég ætla svo sem ekkert að ræða sérstaklega þessa húsnæðisstefnu, ég hef gert það hérna áður og borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir fór bara ljómandi vel yfir það hér áðan. En hún spyr hvort að það sé eitthvað nýtt og hún spyr hvað geti hugsanlega verið næsta skref, og þá fór ég svona að velta því fyrir mér hver er stefna Reykjavíkurborgar í atvinnuhúsnæði og í málefnum atvinnuhúsnæðis. Og ég fór svona að velta því fyrir mér hvort þessi skýrsla kalli eitthvað, eða þessi vinna, þessi stefnumótun, hvort hún kalli á einhverskonar stefnumótun varðandi atvinnuhúsnæði og uppbyggingu þar og ég svona eiginlega fór að velta þessu fyrir mér í ljósi þess að það er mikil umræða um það að það sé til þó nokkuð mikið af lausu húsnæði þó að það hafi kannski farið minnkandi, og sumir vilja meina að fljótlega fari að myndast þörf hér að fara að framkvæma og byggja, og við sjáum þess meðal annars merki sem búið er að ræða hér varðandi uppbyggingu á húsnæði fyrir stúdenta, sem er bara hið besta mál.

En ég fór svona að velta þessu fyrir mér í ljósi þess að hvort sé hægt að breyta hugsanlega skipulagi á völdum eignum, þannig að atvinnuhúsnæði gæti hugsanlega verið skilgreint sem íbúðarhúsnæði, af því að ég held að það sé þó nokkuð mikið framboð af atvinnuhúsnæði og hugsanlegt væri að breyta einhverju af því í svokallaðar svona hráar námsmannaíbúðir, svokallaðar loftsbúðir eða þess háttar. Og ég held að það gæti ... en það leynist víða hér á þessum svæðum og á þessum svæðum sem við höfum verið að skoða atvinnuhúsnæði sem mætti skoða í framhaldinu. Og ég veit til dæmis og hef það frá borgarfulltrúa Páli Hjaltasyni, að Landsbankinn til dæmis er þegar farinn að kanna með sína lóð hérna, hvort hann hugsanlega ætlar að fara í einhverjar framkvæmdir og þess háttar. Þar sem starfsemi bankans er á einum fjórum stöðum í borginni og þetta eru eitthvað hátt í 20.000 m<sup>2</sup> sem Landsbankinn er að nýta sér á þessum fjórum stöðum. Og ef þeir fara í einhverjar framkvæmdir þá allt í einu eru komnir þarna 20.000 m<sup>2</sup> hér og þar og spurningin er hvað er hægt að gera við það, ætlum við að fylla það allt saman bara með einhverjum fyrirtækjum og þess háttar eða er þarna

Bstj. 18. október 2011

hugsanlega að skapast einhver tækifæri að breyta atvinnuhúsnæði í íbúðahúsnæði og gæti það þá hugsanlega verið einhver punktur upp á það að akkúrat varðandi þessi leiguverkefni.

En ég er kannski ekki eingöngu að tala útfrá íbúðarhúsnæði, vegna þess að það var ekki hlutverk okkar í þessari nefnd að fjalla eitthvað sérstaklega um atvinnuhúsnæði, heldur væri þetta kannski tækifærið í leiðinni að Reykjavíkurborg mundi marka sér einhverja stefnu í atvinnumálum og þá er ég kannski að horfa á þessi meðalstóru fyrirtæki og minni fyrirtæki til þess að við förum hugsanlega að laða að hingað aftur, því að ég tel að við höfum misst of mikið af fyrirtækjum úr borginni til þess að koma hingað aftur inn. Því að það auðvitað segir sig sjálf og allir vita það að margfeldisáhrifin af því að fá aukna starfsemi inn til borgarinnar og nýta þau svæði sem þar eru og allt það jákvæða sem því fylgir. Þetta er bara svona það sem flaug í kollinn á mér þegar ég hlustaði á borgarfulltrúa Björk Vilhelmsdóttur hér áðan og hún fór svona að ræða hver gætu verið næstu skrefin í þessu, því ég held að þetta sé eitthvað sem gæti verið sniðugt að skoða hver svo sem niðurstaðan verður. Takk.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Geir Sveinsson lokið máli sínu. Og næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

#### **4. mál Umræða um nýja húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar til 2020 og aðgerðir samhliða henni**

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil taka undir hrós og þakkir til starfshópsins sem vann að þessari stefnu og er sammála því sem hér hefur verið sagt að ég held að það skipti mjög miklu máli til þess að fólk fái trú á því sem við erum að gera að við erum jafnframt að taka röskleg skref til þess að hrinda stefnunni í framkvæmd. Samþykktir borgarráðs samhliða samþykkt á stefnunni jafngildir því að við erum að opna á skipulag og uppbyggingu á um 500 námsmannaíbúðum á svæðum Háskóla Íslands, svæði Háskólans í Reykjavík og í Brautarholti við Brautarholt 7, þar sem risið geta um 100 íbúðir. En það er mjög mikilvægt að átta sig á því að þó að þetta sé sagt, að þá er margt annað gott að gerast. Við heyrum þau tíðindi að innan úr svona verktaka- og bankakerfinu, að þá var verið að ljúka þar skuldauppgjörum og endurskipulagningu á fyrirtækjum, sem auðvitað því miður hafa sum farið í þrot, en það er engu að síður mikilvægt að ljúka þessu ferli, því þá komast þessar eignir á nýjar hendur.

Fyrir 10 dögum síðan auglýsti Reginn, fasteignafélag Landsbankans, lykilverit sem varðar þessa stefnumörkun mjög mikið það er að segja Einholts-/Þverholtsreitinn, þar sem gert var ráð fyrir í skipulagi, sem raunar tók ekki gildi vegna kærumála, um 400 litlum og meðalstórum íbúðum. Sú stefna er ennþá uppi og borgin, í samvinnu við þessa aðila og þá sem þeir fá til samstarfs við sig, gæti þarna verið að þróa verkefni sem færi til framkvæmda strax seinni part næsta árs og myndi tryggja uppbyggingu á öðrum 400 íbúðum til viðbótar við þær 500 sem við vorum í raun að setja í farveg í borgarráði í þar síðustu viku. Þetta þýðir að nær 1000 nýjar íbúðir, litlar og meðalstórar, vonandi á viðráðanlegu verði sem er valkostur og í raun brýn nauðsyn fyrir ungt fólk, gæti verið að fara til uppbyggingar á allra næstu misserum. Það er ekki aðeins þörf á því útfrá húsnæðismálum og þeirri þörf sem við vitum að er fyrir hendi, heldur líka fyrir hagkerfið, því þær 280 íbúðir eru fjárfesting upp á um 4 milljarða hérna úti á háskólasvæði og ef fjárfestingin í hinum íbúðunum er svipuð, þá er þetta allt í allt í kringum 12 milljarðar bara í þessum þremur, fjórum verkefnum.

Bstj. 18. október 2011

Það sem við höfum svo verið að gera er að fá kortlagningu á því í tengslum við undirbúning aðalskipulags og frá skipulagssviði hvaða lóðir hér miðsvæðis og vestarlega í borginni gætu verið uppbyggingarsvæði fyrir litlar og meðalstórar íbúðir, og það er úr töluverðu að spila þar. En eitt einkenni þessara svæða er auðvitað það að þau eru alls ekki öll á hendi borgarinnar eða til ráðstöfunar fyrir borgina heldur í eigu einkaaðila og fyrirtækja sem sum eru ekki búin að ljúka sinni endurskipulagningu, skuldameðferð eða jafnvel gjaldþrotaskiptum. Þannig að það er mjög mikilvægt að við förum skipulega í það að kanna alla þessa kosti. Hvar er hægt að hreyfa við málum. Hvar er líklegt að félög skipti um hendur og hvaða framtíðarsýn verði mótuð fyrir hvern og einn reit til að styðja við húsnæðisstefnuna. Þá gæti það farið saman að þegar að við höfum lokið okkar úttekt á því hverjar bestu leiðirnar eru til þess að verða kjölfesta í að byggja upp heilbrigðan húsnæðismarkað, þá liggi fyrir kortlagning og einhver fyrstu samtöl við þá sem eiga byggingarétt eða lóðir þar sem að áhugavert gæti verið að byggja, annað hvort í samvinnu við okkur eða þá burðuga langtíma fjárfesta eins og líffeyrissjóðina og þá væri hægt með samstilltu átaki og auðvitað aðkomu aðila eins og Íbúðalánasjóðs að hrinda þessu af stað hratt og vel.

Mig langaði til þess að draga upp þessa stuttu mynd af því sem ég sé fyrir mér sem nauðsynleg næstu skref og eigum við ekki að segja að við tökum upp þráðinn þar sem að starfshópurinn sleppti honum og reynum að viðalda sömu skipulögðu og hröðu vinnubrögðunum sem hér var hrósað og ég vil bara leyfa mér að taka undir. Þetta er til fyrirmyndar og við eigum að halda sama takti í að fylgja þessari húsnæðisstefnu eftir, því þetta er eitt mikilvægasta verkefnið, ekki bara í borgarmálunum heldur gagnvart þeirri stöðu sem að ungt fólk upp til hópa er í eftir hrún, þar sem erfitt er að kaupa og kannski ekki hægt hjá mjög mörgum og ennþá erfiðara að leigja því að markaðurinn er svo þröngur. Þetta er okkar verkefni að snúa þessu við.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir.

#### **4. mál Umræða um nýja húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar til 2020 og aðgerðir samhliða henni**

**Björk Vilhelmsdóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég ætla bara að þakka fyrir þessa góðu umræðu sem hér hefur átt sér stað og ítreka vilja minn til þess að taka reglulega upp þessa stefnu. Og þegar ég fór að hugsa það, þá eigum við að taka almennt upp aðrar stefnur líka og spyrja: hvað erum við að gera til þess að uppfylla það sem að við höfum sagst ætla að gera? Og ég vona svo sannarlega að við bara gerum það. Ég ætla að reyna að taka sjálfa mig taki hvað þetta varðar.

Mig langar að segja við Júlíus Vífil Ingvarsson borgarfulltrúa; hann ræddi hér áðan mikilvægi þess að það sé öryggi á húsnæðismarkaðnum óháð eignarformi húsnæðis og það er það sem fram kemur í grundvallarleiðarljósinu í upphafi stefnunnar, þar sem við segjum að hún eigi við alla óháð því hvort fólk þarfnist stuðnings með sín húsnæðismál eða ekki. Og borgarþátttakendur þurfa að geta eignast og/eða leigt húsnæði eftir þörfum hverju sinni og að það sé fjölbreytt framboð í boði í hverju hverfi. Og þarna erum við að reyna að tala til þess að mjög margir og mikill meirihluti hefur ákveðið að velja séreignastefnuna til þessa, þó svo það sé mjög margt sem bendir til þess að það sé að breytast, sérstaklega hjá ungu fólki og við þurfum þess vegna að breyta framboðinu í takti við það.

En við sem viljum búa til dæmis í úthverfum í stórum húsum, svo ég tali nú fyrir sjálfa mig sem bý uppi í Breiðholti í stóru húsi, ég mun alveg áfram geta það þrátt fyrir þessa húsnæðisstefnu. Þannig að ég var ekkert að koma sjálfri mér út í horn held ég með þessari stefnumótun, eða ég vona ekki. Við viljum hafa valkosti en við þurfum hinsvegar að byggja líka miðsvæðis og það þekkir borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson mjög vel í gegnum vinnuna við aðalskipulagið, þéttingin hér miðsvæðis skiptir mjög miklu máli, að gefa fólki sem vill búa í þéttum borgarsvæðum tækifæri einmitt á þessum þéttingarsvæðum þar sem borgarumhverfið og þetta frjóa mannlíf er meira áberandi en hjá þeim sem vilja búa í úthverfunum.

Mér finnst þetta bara athyglisvert, þessi athugasemd frá Júlíusi um að Reykjavíkurborg geti ekki úthlutað sjálfri sér lóðir. Auðvitað þurfum við að skoða það eins og annað því ekki er markmiðið að lenda í öngstræti á einhverjum

Bstj. 18. október 2011

samkeppnismarkaði. En hinsvegar hefur borgin verið að úthluta lóðum í gegnum tíðina án þess að það hafi nokkuð verið eignfært og í rauninni til þess að stuðla að uppbyggingu til dæmis ýmiss konar svona leiguíbúða, já og íbúða fyrir eldri borgara og til félagslegs húsnæðis og til húsnæðis fyrir fatlaða og svo framvegis, þá hefur borgin verið að úthluta lóðum án þess að líta á það sem eign og það er eitt af því sem þarf að skoða. Og sérstaklega ef við erum að fara að úthluta mjög dýrum lóðum, þá er það töluvert mikið framlag sem við erum að láta af hendi.

Ég þakka svo bara öðrum sem hafa talað og mér fannst það athyglisvert, innkoma Geirs Sveinssonar borgarfulltrúa, sem segir að við eigum svolítið að opna bara dyrnar á eitthvað nýtt, hver eru næstu skrefin í húsnæðisstefnunni? Það er kannski að skoða atvinnuhúsnæði og hvar eru möguleikar? Það er eitthvað sem er kannski verið að skoða í aðalskipulaginu á svæðum sem eru að breytast úr iðnaðarsvæðum í íbúðasvæði eða blönduð svæði fyrst og þá mætti kannski vísa þessum hugmyndum þangað inn því það er sums staðar þar sem er byrjað, eins og í Elliðavogi, að blanda saman íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði og hægt kannski að gera meira af því ef að við heimilum það en það þurfum við að gera þá í skipulagsvinnunni.

Hins vegar var ég svo að leita í tölvunni að nýju sveitarstjórnarlögunum sem ekki hafa tekið gildi og fann þess vegna ekki í lagasafninu. Það sem ég ætlaði einmitt út af þessari umræðu að segja, að núna í nýju sveitarstjórnarlögunum er komin heimild líka hinsvegar til sveitarstjórna að fjárfesta í atvinnustarfsemi og þess vegna atvinnuhúsnæði, þó svo að það hafi alls ekki verið stefna borgarinnar að eiga atvinnuhúsnæði til þess að leigja út heldur bara eiga húsnæði fyrir sína eigin starfsemi, þá eru til dæmis ný sveitarstjórnarlög að heimila slíkt út af þörf sem hefur komið til dæmis víða úti á landi. Þannig að það segir að það hafa komið upp nýjar þarfir og sveitarstjórnir þurfa alltaf að endurskoða sig. Þannig að ég ætla ekki að segja meira að þessu sinni og þakka fyrir þetta og við vinnum þetta áfram.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs undir þessum lið og telst því umræðu lokið. Við förum í 5. mál á dagskrá sem eru fundargerð borgarráðs frá 6. október, fundargerð borgarráðs frá 10. október. Enginn hefur kvatt sér hljóðs undir þeim lið og telst

Bstj. 18. október 2011

umræðu lokið. Við förum í 6. mál á dagskrá sem eru fundargerð forsætisnefndar frá 14. október, fundargerð mannréttindaráðs frá 27. september, fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 3. október, fundargerð skipulagsráðs frá 12. október, fundargerð umhverfis- og samgönguráðs frá 27. september, fundargerð velferðarráðs frá 6. október. Enginn hefur kvatt sér hljóðs undir þessum lið og telst honum lokið.

Það láðist að taka á dagskrá tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um breytingar á skipun fagraða [forseti hringir bjöllu]. Forseti vill biðja aðra borgarfulltrúa um að ganga inn í salinn. Þeir borgarfulltrúar sem samþykkja að taka kosningu á dagskrá gefi merki. Það telst samþykkt.

Lagt er til að Magnús Þór Gylfason taki sæti Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur í menningar- og ferðamálaráði. Þá taki Marta Guðjónsdóttir sæti Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur í skóla- og frístundaráði og Geir Sveinsson taki sæti varamanns í skóla- og frístundaráði í stað Mörtu Guðjónsdóttur. Lagt er til að Elínóra Inga Sigurðardóttir taki sæti Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur í hverfisráði Háaleitis og Bústaða. Þá taki Sigþór Sigurjónsson sæti varamanns í ráðinu í stað Elínóru Ingu Sigurðardóttur. Lagt er til að Hanna Birna Kristjánsdóttir taki sæti Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur í stjórnkerfisnefnd og Gísli Marteinn Baldursson taki sæti varamanns í stjórn Faxaflóahafna.

Þeir borgarfulltrúar sem greiða atkvæði með þessum dagskrárlið, gefið merki. Það telst þá samþykkt. Fleira liggur ekki fyrir undir þessum lið og telst þá honum lokið. Fleira liggur heldur ekki fyrir á þessum fundi og telst honum lokið kl. 16:45. Takk fyrir og góða ferð.